

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014, Nesjavallalína 2.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, hefur ráðherra þann 2. febrúar 2009 staðfest breytingu á aðalskipulagi Sveitarfélagsins Ölfuss 2002-2014 frá 4. janúar 2005.

Breytingin felst í því að gert er ráð fyrir 145 kV jarðstreng, Nesjavallalínu 2, frá tengivirki Nesjavallavirkjunar að aðveitustöð Landsnets á Geithálsi í Reykjavík. Innan sveitarfélagsins mun jarðstrengurinn liggja meðfram Nesjavallavegi á um 3,7 km kafla á Mosfellsheiði.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 og Skipulagsstofnun yfirfarið erindið og sent ráðherra til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfissráðuneytinu, 2. febrúar 2009.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Logi Kjartansson.